

## 24. fundur landbúnaðarnefndar Stykkishólmsbæjar var haldinn í ráðhúsi bæjarins 2. september 2014, kl: 17.00.

Mætt voru Eiríkur Helgason, Guðrún Hauksdóttir, Kristín Rut Helgadóttir, Margrét Sigurðardóttir, Jón Beck Agnarsson og Sturla Böðvarsson bæjarstjóri.

Formaður, Eiríkur Helgason, setti fundinn og fundarritari var kosin Guðrún Hauksdóttir.

Sturla Böðvarsson bæjarstjóri bauð alla velkomna og hóf fundinn á því að kynna nefndarmönnum verkefni landbúnaðarnefndar.

Sagði hann að á hefðbundna fundi nefndarinnar væru aðalmenn boðaðir en varamenn einnig á þennan fyrsta fund nefndarinnar. Þorsteinn Kúld hafði boðað forföll vegna vinnu sinnar.

Sturla nefndi að ef nefndin þyrfti að fjalla um mál sem tengdist á einhver hátt aðalmönnum í nefndinni þyrfti viðkomandi að víkja sæti og yrði þá varamaður kallaður til.

Sturla kvað nefndina eiga að vinna samkvæmt erindisbréfi sem því miður væri ekki tiltækt en unnið yrði í því að gera það.

Í fáum orðum mætti segja að verkefni nefndarinnar væru að vera bæjarstjórn Stykkishólms ráðgefandi um málefni landbúnaðar í bæjarfélaginu, það er því sem tengdist búfjárhaldi og hagsmunum þeirra sem legðu stund að búfjárrækt af hvaða toga sem er.

Nefndin skyldi funda ef bæjarstjórn sendi henni erindi til umfjöllunar en einnig af sjálfsdáðu og þá til að ræða málefni sem nefndarmönnum þætti brýnt að taka fyrir. Ályktanir nefndarinn eiga að berast bæjarstjórn.

Eiríkur formaður spurði bæjarstjóra hvort velferð búfjár heyrði undir nefndina og kvað hann það vera eins og allt sem við kæmi búfé og áréttaði hann að nefndin væri einkonar vakt bæjaryfirvalda með umhirðu búhöldu með búpeningi sínum.

Nefndarmenn og bæjarstjóri tóku umræðu um lausagöngu búfjár í bæjarlandinu, þá sérstaklega sauðfjár. Nefndarmönnum þótti þetta nokkuð miður og nefndu einnig áhyggjur sínar af sauðfé við þjóðveginn niður Þórsnesið.

Formlegum fundi var slitið kl: 17.30.

Eiríkur Helgason (sign)

Guðrún Hauksdóttir (sign)

Kristín Rut Helgadóttir (sign)

Margrét Sigurðardóttir (sign)

Jón Beck Agnarsson (sign)

Sturla Böðvarsson (sign)